

97 an búnaðarskóla, en að sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hafi aptur á móti hafnað
 4. sept. þessu tilboði, og að amtsráðið síðan, eptir að fulltrúar úr hinum fjórum sýslufjelögum, er orðin voru ásátt um, að vera saman um búnaðarskólann á Hólum, höfðu haldið fund með sjer, hafi tekið málið til meðferðar, fallizt á sameininguna og lagt það til, að jeg samþykkti, að hluti Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu í hinum núverandi búnaðarskólasjóði norður- og austuramtsins yrði lagður til búnaðarskólans á Hólum, og að hið árlega búnaðarskólagjald úr sýslum þessum gengi eptirleiðis til skólans.

Út af þessu skal yður hjer með tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst hjer með á, að Hólaskólinn verði sameiginleg búnaðarkennslustofnun fyrir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslur, að hluti hinna tveggja síðastnefndu sýslna í búnaðarskólasjóði amtsins verði lagður til skólans, og að búnaðarskólagjaldið úr þeim gangi eptirleiðis til hans. Að því er Norður-Þingeyjarsýslu snertir, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að leggja fyrir sýslunefndina þar, að gefa á næsta fundi sínum yfirlýsingu um, hvort hún kjósi heldur, að sameinast vestursýslunum um búnaðarskólann á Hólum eða Múlasýslunum um Eyðaskólann, og vænti jeg á sínum tíma skýrslu yðar um það efni.

98 Ágrip af brjefi landshöfðingja um sekt fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 23.
 9. sept. 4. des. 1886. — Með brjefi þessu var prentsmiðjueigandi sektaður um 30 krónur fyrir að hafa vanrækt að láta bókasöfnum þeim, sem nefnd eru í 2. gr. laga 4. des. 1886 í tje ókeypis expl. af »Siðbók fyrir undirstúkur Good-Templara«, með því að engin heimild væri til að draga undan frá bókasöfnunum neina bók, jafnvel þó hún væri prentuð »sem manuskript« og eigi ætluð almenningi.

99 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu um skiptingu Vatnsleysustrandarhrepps. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 19. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, þar sem hann eptir ósk hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi og fyrir hönd sýslunefndarinnar fer þess á leit, að Vatnsleysustrandarhreppi verði frá 1. október næstkomandi skipt í 2 hreppsfjelög, og hafið þjer mælt fram með því, að jeg samþykki hreppaskiptingu þessa og skipi fyrir um hana á þann hátt, sem sýslunefndin hefur lagt til.

Fyrir því skal samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað svo fyrir sem hjer segir :

1. Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal skipt í 2 hreppa, þannig, að Njarðvíkursókn í Vatnsleysustrandarhreppi verði hreppsfjelag fyrir sig, og heiti Njarðvíkurhreppur, en hinn annar hluti nefnds hrepps sje sjerstakt hreppsfjelag, og haldi nafninu Vatnsleysustrandarhreppur.
2. Öllum eignum og skuldum hins núverandi Vatnsleysustrandarhrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig, að Vatnsleysustrandarhreppur hljóti og beri af þeim þrjá hluti, en Njarðvíkurhreppur einn; þó skal skólaeign og skólasjóður hreppsins eigi koma til skipta. Sveitarþyngslum þeim, er verða þegar skiptingin

fer fram, skal skipt þannig, að Vatnsleysustrandarhreppur beri tvo hluta en Njarð- 99
víkurhreppur einn, og eptir sama hlutfalli skal fara um sveitarþyngsli, er síðar 21. sept.
kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, er hingað til hefur
átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið
tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi fyrir sig samkvæmt 2. gr. sveitarstjórn-
artilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en
þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum,
og verði ágreiningur útaf skiptingunni skal skorið úr honum af sýslunefndinni.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar
og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin
breyting gjörð á Vatnsleysustrandarpinghá, hvorki sem manntalspingá nje dómþinghá.

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjarík um skaðabætur fyrir 100
skemmdir á póstsendingu. — Með þóknanlegu brjefi dags. 20. p. m., hafið þjer, herra 24. sept.
póstmeistari, sent hingað, ásamt ummælum póstaðgreiðslumannsins á Prestsbakka, erindi
Sigurðar bóksala Kristjánssonar hjer í bænum, parsem hann fyrir hönd Ara bónda
Hálfðánarsonar á Fagurhólsmýri í Örafum gjörir tilkall til skaðabóta fyrir skemmdir á
bókum er tjeður bóksali hafði sent Ara þessum og afgreiddar voru frá yður í 3 póst-
bögglum með austanpósti þeim, er fór hjeðan 2. maí p. á. Það er upplýst að bóka-
sendingar þessar, er alls voru 10 pd. að vikt hafa vöknað í póstkoffortunum þannig að
sumar bækurnar hafa skemmt að nokkru leyti en sumar orðið alveg ónýtar; hafa
skemmdirnar á öllum bókunum verið metnar á 6 kr. 46 a., er eigi nemur þeirri upp-
hæð, sem tiltekin er í 13. gr. í tilsk. um póstmál 26. febr. 1872 og leggið þjer til að greiða
megi nefndum Ara Hálfðánarsyni upphæð þessa úr póstsjóði.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra póstmeistari,
til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar að jeg veiti hjermeð samþykki mitt
til að áminnst upphæð 6 kr. 46 a., verði greidd úr póstsjóði sem skaðabætur fyrir
skemmdir á bókasendingum þeim, sem að ofan ræðir um.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um kröfu 101
til þóknunar fyrir að hlaða varnargarð í ána Syðri-Þverá. — Með þóknanlegu brjefi 26. sept.
dags. 22. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi frá Jóni sýslunefndar-
manni Jónssyni, ábúanda á Munkaþverá, þar sem hann með skirskotun til brjefs stjórn-
arráðsins 27. maí 1880* fer fram á að fá greiddar úr umboðssjóði 400 krónur af kostnaði
við hleðslu á varnargarði í ána Syðri-Þverá í Eyjafirði, er hann hefur látið gjöra á
árunum 1881—1889 og fylgir þar með skýrsla úttektarmannanna í Öngulstaðahreppi
um tjeðan varnargarð dags. 15. d. júnímán. p. á.

Eins og yður er kunnugt var með ofangreindu brjefi ráðgjafans fyrir Ísland,
dags. 27. maí 1880 leyft, að greiðast mætti úr umboðssjóði $\frac{2}{3}$ hlutar af kostnaðinum
við að hlaða varnargarð í ána Syðri-Þverá í Eyjafirði til að koma í veg fyrir skemmdir
þær, sem vofðu yfir túni og engjum klausturjarðarinnar Munkaþverár, þó þannig, að
greiðsla þessi færi ekki fram úr 400 krónum og að ábúandinn greiddi $\frac{1}{3}$ af kostnaðin-

*) Stj.tíð. 1880, B, 92.